

Oliudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 9. október 2020  
UST202003-196/G.S.Á.  
08.06.02


**Efni: Eftirlit 2020 - Oliudreifing - Reyðarfjörður - Reglubundið eftirlit þann 10.9.2020**

Þann 10. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Oliudreifingar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varðar skráningu á mánaðarblöð og tóma efnabamba í lekavarnarþró.

Virðingarfyllst,

*G. Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



Dags eftirlits	10.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	725312,177 512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varðar skráningu á mánaðarblöð og tóma efnabamba í lekavarnarþró.

## UMFANG EFTIRLITS

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávik frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjárfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl., gerð var ábending um að skrá skuli þykkt olíu í skilju á mánaðarblöð. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg í rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Tíu geymar eru í stöðinni í þrem olíupróm, ein þróin er sameiginleg með bikgeymi Vegagerðarinnar. Olíuskiljan er þjónustuð reglulega og var síðast tæmd í apríl sl. Gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Sjálfvirkir rafmagnslokar eru á skiljum úr þróm. Geymarnir hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og voru geymar merktir 730.01.00, 730.02.00, 730.04.00 og 730.11.00 þykktarmældir nú í ár. Þrjár lagnir eru í stöðinni og voru þær allar þrýstiprófaðar nú í ár. Tvær þeirra hafa verið samþykktar til áframhaldandi notkunar en verið er að vinna að lagfæringu á þriðju lögninni og verður hún þrýstiprófuð aftur að þeirri vinnu lokinni.

Olíu er landað inn í stöðina að meðaltali einu sinni í mánuði.

Bensín er geymt í stöðinni. Geymar eru með föstu þaki og þar sem gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 5.000 tonn á ári eru þeir undanþegnir ákvæðum um gufueyndurnýtingarbúnað skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC).

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað inn til Gámafélagsins en úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem síðan er flutt í Örfirisey. Úrgangsolíugeymirinn stendur á steinsteyptu plani og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í lagi, hlið

stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Stöðin var snyrtilega á að líta en nokkuð var af tónum efnabömbum í lekavarnarþró sem sameiginleg er með Vegagerðinni og ber að fjarlægja þá. Umsjónarmaður er til staðar sem fylgist með daglega.

#### ÁBENDINGAR

Ábending var sett fram við eftirlit er varðar að skrá skal þykkt olíu í skilju á mánaðarblöð.

Einnig er sett fram ábending um að fjarlægja skuli efnabamba innan þróar en skv. gr. 4.8 í starfsleyfi skal tryggja að á lóðinni séu ekki hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi eða minnkað geta rúmmál þróar.

#### ANNAD


Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi, nær vottunin til allra starfstöðva félagsins og gildir til 14. janúar 2023.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Austurlands var viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir